

# Viðbragðaáætlun Þjóðkirkjunnar





# VIÐBRAGÐAÁÆTLUN ÞJÓÐKIRKJUNNAR

Endurskoðuð september 2021

I.	INNGANGUR .....	4
II.	HLUTVERK HÓPSLYSANEFNDAR KIRKJUNNAR .....	5
	a) Ábyrgð og hlutverk	
	b) Almannaástand	
	c) Almannaástand án stórslysa eða náttúruhamfara, s.s. heimsfaraldur	
	d) Stórslys án almannaástands	
III.	HLUTVERK PRÓFASTS .....	7
	a) Undirbúningur og skipulagning	
	b) Almannaástand	
	c) Almannaástand án stórslysa eða náttúruhamfara, s.s. heimsfaraldur	
	d) Stórslys án almannaástands	
	e) Að aðgerðum loknum	
IV	SAMRÁÐSHÓPUR ÁFALLAHJÁLPAR Í HÉRAÐI .....	9
	a) Hlutverk og skilgreining	
	b) Hlutverk fulltrúa kirkjunnar í samráðshópnum	
V.	HLUTVERK PRESTS. ....	10
	a) Almannaástand	
	b) Stórslys án almannaástands	
VI.	VIÐBRAGÐAÁÆTLANIR PRÓFASTSDÆMA .....	11
	a) Skipulag	
	b) Tengiliðir - símanúmer	
VII.	SÓKNIR/PRESTAKÖLL .....	12
VIII.	MIKILVÆG SÍMANÚMER .....	13
IX.	VIÐAUKAR .....	13

# I. INNGANGUR

Viðbragðaáætlun kirkjunnar er ætlað að samræma viðbrögð kirkjunnar við stórslysum annars vegar og almannavarnarástandi hins vegar, enda er kirkjan hluti stærri heildar sem starfar náið saman í slíkum aðstæðum.

Hópslysanefnd kirkjunnar hefur, samkvæmt samþykkt Kirkjubings 2004, yfirumsjón með skipulagi á viðbrögðum kirkjunnar vegna stórslysa og þegar almannavarnarástand ríkir (sjá [www.kirkjan.is/vidbrogd](http://www.kirkjan.is/vidbrogd)).

Prófastsdæmi eitt eða fleiri er grunneining viðbragðaáætlunar kirkjunnar. Prófastar bera ábyrgð á gerð viðbragðaáætlunar hvers prófastsdæmis.

Viðbragðaáætlun kirkjunnar og prófastsdæmanna skal haldið virkri með stöðugri endurskoðun í samræmi við reynsluna og með reglulegum æfingum.

Viðbragðaáætlun kirkjunnar er gefin út og send á alla þá aðila sem hún tekur til, bæði innan kirkju svo og helstu samstarfsaðila, auk þess er hún aðgengileg á heimasíðu kirkjunnar ([www.kirkjan.is/vidbrogd](http://www.kirkjan.is/vidbrogd)).

## II. HLOTVERK HÓPSLYSANEFNDAR KIRKJUNNAR

### a) Ábyrgð og hlutverk

**Hópslysanevnd kirkjunnar** er fastanevnd sem starfar í umboði Kirkjuráðs og biskups Íslands. Nefndin hefur yfirumsjón með skipulagi á viðbrögðum kirkjunnar vegna stórslysa og samhæfir aðgerðir hennar. Í nefndinni eiga sæti:

1. Biskupsritari
2. Framkvæmdastjóri Hjálparstarfs kirkjunnar
3. Forstöðumaður Fjölskylduþjónustu kirkjunnar
4. Sjúkrahúsprestur Þjóðkirkjunnar
5. Einn fulltrúi tilnefndur af kirkjuráði til fjögurra ára og er hann formaður nefndarinnar.

Hópslysanevnd er tengiliður kirkjunnar við stjórnvöld, s.s. almannavarnadeild ríkislögreglustjóra, Landlækniseimbættið og Rauða kross Íslands.

Hópslysanevnd ber ábyrgð á endurskoðun viðbragðaáætlunar kirkjunnar að aðgerðum loknum og því að halda áætluninni virkri milli aðgerða með reglubundnum æfingum.

Í aðgerðum skulu nefndarmenn halda dagbók með tímaskráningu og verkefnum (sjá form á [www.kirkjan.is/vidbrogd](http://www.kirkjan.is/vidbrogd)) m.a. til að auðvelda endurskoðun og mat á styrkleika og veikleika áætlunarinnar.

Hópslysanevnd er ráðgefandi og veitir biskupi stuðning í því ástandi sem er. Hópslysanevnd er jafnframt til taks um ráðgjöf og stuðning við undirbúning og endurskipulagningu viðbragðaáætlunar prófastsdæmanna

### b) Almannaástand

- hópslysanevnd fær boð frá Neyðarlínu og vakthafandi aðlli kvittar fyrir boðin
- hópslysanevnd kemur saman eða heldur símafund sem fyrst
- hópslysanevnd er í viðbragðsstöðu vegna mögulegrar beiðni um aðstoð
- vakthafandi nefndarmaður er í sambandi við prófast/fultrúa kirkjunnar í samráðshópi áfallahjálpar í héraði og fylgist með gangi mála
- vakthafandi nefndarmaður gerir biskupi eða staðgengli hans viðvart

- vakthafandi nefndarmaður tekur við beiðni frá Samhæfingarstöð almannavarna um aðstoð
- hópslysanevnd sendir í umboði biskups viðbótar mannskap samkvæmt beiðni samráðshóps áfallahjálpar á landsvísu í Samhæfingarstöð almannavarna.

### **c) Almennavarnarástand án stórslysa eða náttúruhamfara, s.s. heimsfaraldur**

- hópslysanevnd kemur saman eða heldur símafund sem fyrst, eftir að almannavarnarástandi hefur verið lýst yfir
- hópslysanevnd er í viðbragðsstöðu vegna mögulegrar beiðni um aðstoð
- hópslysanevnd útfærir viðbragð í samráði við hlutaðeigandi yfirvöld
- er til taks um ráðgjöf og stuðning við biskup um viðbrögð kirkjunnar í því ástandi sem er.

### **d) Stórslys án almannavarnarástands**

- hópslysanevnd fær boð frá prófasti eða vakthafandi presti telji þeir atburðinn kalla á utanaðkomandi stuðning
- hópslysanevnd veitir prófasti/presti stuðning, metur þörf á aðstoð og er til ráðgjafar eftir þörfum
- vakthafandi nefndarmaður kallar saman hópslysanevnd eftir þörfum
- hópslysanevnd er í viðbragðsstöðu og fylgist með gangi mála
- hópslysanevnd hefur samband við biskup eða staðgengil hans ef kalla þarf á mannskap utan prófastsdæmisins
- ef um stórslys er að ræða getur hópslysanevnd haft frumkvæði að því að hafa samband við viðkomandi prófast til að kanna stöðu mála

### III. HLOTVERK PRÓFASTS

#### a) Undirbúningur og skipulagning

- Prófastur ber ábyrgð á gerð viðbragðaáætlunar prófastsdæmisins, þar á meðal vaktkerfis prestanna og neyðarnúmeri svæðisins ef slíkt er valið.
- Prófastur og/eða fulltrúi kirkjunnar í samráðshópi áfallahjálpar endurskoðar viðbragðaáætlun prófastsdæmisins í lok aðgerða og breytir eftir því sem þörf er talin á.
- Prófastur ber ábyrgð á að kynna viðbragðaáætlun prófastsdæmisins fyrir prestum, djáknum og öðrum sem málið varðar og skipuleggja skrifborðsæfingar þar sem farið er yfir viðbrögð og viðbúnað ef til alvörunnar kæmi.
- Hópslysanefnd kirkjunnar er ávallt til taks um ráðgjöf og stuðning við undirbúning og endurskipulagningu viðbragðaáætlana prófastsdæmanna.

#### b) Almannaþingarástand

- prófastur fær boð frá Neyðarlínu (SMS) eða vakthafandi presti.
- prófastur setur sig í samband við fulltrúa kirkjunnar í samráðshópi áfallahjálpar í héraði skv. Skipulagi áfallahjálpar á Íslandi (sjá [www.kirkjan.is/vidbrogd](http://www.kirkjan.is/vidbrogd)).
- prófastur metur í samráði við samstarfsaðila í samráðshópi og við prestana á svæðinu hvort þörf sé á utanaðkomandi aðstoð vegna umfangs atburðarins. Samráðshópur setur beiðni um utanaðkomandi aðstoð í réttan farveg.

#### c) Almannaþingarástand án stórslysa eða náttúruhamfara, s.s. heimsfaraldur

- prófastur fær boð um að almannaþingarástandi hafi verið lýst yfir
- prófastur virkjar viðbragðaáætlun eftir því sem við á

#### d) Stórslys án almannaþingarástands

- prófastur virkjar viðbragðaáætlun prófastsdæmisins.
- prófastur hefur beint samband við hópslysanefnd vegna beiðna um utanaðkomandi aðstoð sé hennar þörf.

Í aðgerðum skal prófastur halda dagbók með tímaskráningu og verkefnum (sjá form á [www.kirkjan.is/vidbrogd](http://www.kirkjan.is/vidbrogd)) m.a. til að auðvelda endurskoðun og mat á styrkleika og veikleika áætlunarinnar.

### **e) Að aðgerðum loknum**

- fundar prófastur með prestum og öðru starfsfólki kirkjunnar, þar sem farið er yfir aðgerðirnar og metið hvort breyta þurfi viðbragðaaáætlun prófastsdæmisins í ljósi reynslunnar. Allar breytingar skal senda til hópslysaneftndar.
- tekur prófastur saman stutta greinargerð um aðgerðina og sendir til hópslysaneftndar kirkjunnar (sjá form á [www.kirkjan.is/vidbrogd](http://www.kirkjan.is/vidbrogd)).
- metur prófastur í samráði við hópslysaneftnd hvort þörf sé á stuðningi og/eða afleysingu fyrir prestana vegna umfangs atburðarins og kemur hópslysaneftnd slíkri beiðni áfram til biskups.
- prófastur eða fulltrúi kirkjunnar í Samráðshópi áfallahjálpar skipuleggur eftirfylgd við þolendur í samræmi við Skipulag áfallahjálpar á Íslandi (sjá [www.kirkjan.is/vidbrogd](http://www.kirkjan.is/vidbrogd)).



## IV SAMRÁÐSHÓPUR ÁFALLAHJÁLPAR Í HÉRAÐI

### a) Hlutverk og skilgreining

Samráðshópur áfallahjálpar í viðkomdi lögregluumdæmi er virkjaður þegar almannavarnarástand ríkir. Í skipulagi almannavarna er gert ráð fyrir að hann sé skipaður tveim fulltrúum eftirtalinna stofnana í lögregluumdæminu:

- heilbrigðisþjónustunnar,
- kirkjunnar
- Rauða kross deilda
- félagsþjónustu sveitarfélaganna

Samráðshópurinn skipuleggur áfallahjálpar á viðkomandi svæði, sér um að verkefni séu leyst og hefur samband og samráð við aðgerðarstjórn og samráðshóp áfallahjálpar á landsvísi í Samhæfingarstöðinni í Skógarhlíð. Hópurinn hittist a.m.k. daglega á meðan aðgerðir standa yfir og vinnur að heildarskipulagi áfallahjálpar í samráði við almannavarnarnefndir á milli aðgerða (sbr. Skipulag áfallahjálpar á Íslandi – [www.kirkjan.is/vidbrogd](http://www.kirkjan.is/vidbrogd))

### b) Hlutverk fulltrúa kirkjunnar í samráðshópnum

Fulltrúi kirkjunnar í samráðshópi hefur fyrst og fremst stjórnunarlega ábyrgð og gætir þess að festast ekki í umönnun þolenda, heldur felur hana öðrum eftir því sem hægt er.

Í aðgerðum skal fulltrúi í samráðshóp halda dagbók með tímaskráningu og verkefnum (sjá form á [www.kirkjan.is/vidbrogd](http://www.kirkjan.is/vidbrogd)) m.a. til að auðvelda endurskoðun og mat á styrkleika og veikleika áætlunarinnar.

Á meðan á aðgerðum stendur fylgist fulltrúi kirkjunnar í samráðshópi með því

- hvar prestarnir eru að störfum
- hverjir eru tiltækir hverju sinni til að sinna nýjum verkefnum
- að prestar fái lágmarkshvild
- að prestar fái tækifæri til viðrunar eigin tilfinninga og upplifunar
- að prestar séu upplýstir um gang aðgerðanna, sérstaklega þeir sem eru að störfum utan fjöldahjálparstöðvar.

Fulltrúi kirkjunnar í samráðshópnum upplýsir hópslysanefnd kirkjunnar um framvindu mála.

## V HLUVERK PRESTS

### a) Almannaástand

Við almannaástand kallar Neyðarlínan út vakthafandi prest, eða prófast, samkvæmt viðbragðaáætlun prófastsdæmisins.

- Vakthafandi prestur, eða prófastur, kvittar fyrir móttöku boðanna, (og ræsir prófast eða fulltrúa hans samkvæmt viðbragðaáætlun prófastsdæmisins) og hefur samband við prest/presta sem næstir eru vettvangi. Aðrir prestar prófastsdæmisins eru boðaðir samkvæmt viðbragðaáætlun prófastsdæmisins.

Neyðarlínan boðar hópslysanefnd kirkjunnar

Prestar fara í fjöldahjálparstöð/söfnunarsvæði aðstandenda/sjúkrahús (nánar á [www.kirkjan.is/vidbrogd](http://www.kirkjan.is/vidbrogd)) eftir því sem við á og um er beðið eða eru í viðbragðsstöðu.

Í fjöldahjálparstöð/söfnunarsvæði aðstandenda skulu prestar

- styðja sjálfboðaliða Rauða krossins sem sinna sálrænum stuðningi
- sinna erfiðari málum
- í samráði við stjórnanda viðkomandi starfsstöðvar: tilkynna andlát þegar upplýsingar berast um látna
- skapa andrúmsloft friðar og huggunar, t.d. með bæna- og helgistundum eftir því sem við á

Allir prestar prófastsdæmisins séu upplýstir um aðgerðir og gang þeirra sem fyrst, eftir því sem tók eru á.

Sérhver prestur prófastsdæmisins gættir þess að vera í sambandi við prófast eða fulltrúa kirkjunnar í samráðshópi áfallahjálpar

- lætur vita af ferðum sínum
- gerir grein fyrir hverjum hann sinnir svo ekki séu margir að sinna sama þolanda/fjölskyldu
- haldi dagbók með tímaskráningu og verkefnum (sjá form á [www.kirkjan.is/vidbrogd](http://www.kirkjan.is/vidbrogd))

Prófastur hefur umboð til að senda presta milli prestakalla innan prófastsdæmis ef nauðsyn krefur (sbr. samþykkt Kirkjuþings 2004 á [www.kirkjan.is/vidbrogd](http://www.kirkjan.is/vidbrogd))

Einungis hópslysanevnd hefur umboð til að senda presta milli landsvæða í umfangsmiklum aðgerðum og er það gert í samráði við biskup, samráðshóp áfallahjálpar og aðgerðastjórn.

## **b) Stórslys án almannavarnarástands**

Við stórslys án almannavarnaástands vinnur prestur skv. viðbragðaáætlun prófastsdæmisins

# **VI. VIÐBRAGÐAÁÆTLANIR PRÓFASTSDÆMA**

## **a) Skipulag**

Í viðbragðaáætlun prófastsdæmanna er skipulag hvers prófastsdæmis skilgreint.

- Skilgreinir hvort bakvaktarkerfi með neyðarnúmeri eða sími prófasts er aðal útkallssími þegar almannavarnarástand ríkir.
- Útkallsskipulag innan prófastsdæmisins.
- Hvernig er afleysingu og samstarfi háttað milli prestakalla og/eða innan samráðssvæða.
- Staðgengill prófasts við almannavarnarástand.
- Fulltrúar prófastsdæmisins í samráðshópi áfallahjálpar.
- Bjargir heimafyrir s.s. túlkar, prestar mæltir á önnur mál, forstöðumenn/ meðlimir annarra trúfélaga.

## b) Tengiliðir – símanúmer

Í heimabyggð: *(fylgir viðbragðaáætlun hvers prófastsdæmis)*

- Almannaavarnarnefnd
- Lögregla
- Sjúkrahús
  - o Heilsugæsla
- Rauðakrossdeild
  - o Fjöldahjálparstöð
  - o Söfnunarsvæði aðstandenda
  - o Bakvaktarsími Rauða kross Íslands

## VII. SÓKNIR/PRESTAKÖLL

Mikilvægt að hver sókn eða prestakall útbúi sína viðbragðaáætlun og sé hún viðauki við viðbragðaáætlun prófastsdæmisins þar sem haft skal í huga að:

- virkja sem flesta, kirkjuverði, sóknarnefndarfólk og aðra, sem t.d. svara í síma, skrifa niður upplýsingar sem þarf að geyma o.fl.,
- tiltækur sé listi yfir þá aðila sem hægt er að kalla til starfa
- starfsfólk hafi skilgreind hlutverk og ábyrgðarsvið
- ákveðið sé hvernig undirbúa skal kirkju og safnaðarheimili ef húsnæðið er opnað vegna neyðarástands
- ef safnaðarheimili er notað sem fjöldahjálparstöð/söfnunarsvæði samkvæmt viðbragðaáætlun Rauða kross Íslands eða tilskipun lögreglustjóra, er starfsemin undir stjórn Rauða krossins á meðan á aðgerðum stendur.

Hver sókn ræði um mögulegan kostnað við slíkar aðgerðir og hvernig skuli mæta honum.

## VIII. MIKILVÆG SÍMANÚMER

- Biskupsstofa: 528-4000
- Neyðarlínan: 112
- Neyðarsími Rauða krossins: 1717
- Landsskrifstofa Rauða Kross Íslands: 570-4000

## IX. VIÐAUKAR

- Ályktun Kirkjubings 2004 um skipulag viðbragðaáætlunar vegna stórslysa
- Almanavarnir: [www.almannavarnir.is](http://www.almannavarnir.is)
- Skipulag áfallahjálpar á Íslandi:  
[www.raudikrossinn.is](http://www.raudikrossinn.is) ([http://www.raudikrossinn.is/page/rki\\_hvad\\_saelraenn\\_utgefidefni](http://www.raudikrossinn.is/page/rki_hvad_saelraenn_utgefidefni))
- Fjöldahjálparstöðvar:  
[www.raudikrossinn.is](http://www.raudikrossinn.is) ([http://www.raudikrossinn.is/page/rki\\_hvad\\_neydarvarnir](http://www.raudikrossinn.is/page/rki_hvad_neydarvarnir))
- Sálræn skyndihjálp - leiðbeiningar um viðurkennt verklag á vettvangi:  
[www.raudikrossinn.is](http://www.raudikrossinn.is) ([http://www.raudikrossinn.is/page/rki\\_frettir&detail=3783](http://www.raudikrossinn.is/page/rki_frettir&detail=3783))







ÞJÓDKIRKJAN

[www.kirkjan.is](http://www.kirkjan.is)